

L Ö G

um breyting á lögum nr. 7 29. apríl 1963, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á tollskrárlögunum í 3. gr. þeirra er gerð þessi breyting:

Aftan við 41. lið 3. gr., eins og sá liður er samkvæmt 2. gr. laga nr. 11 24. apríl 1965, komi nýr liður, svo hljóðandi:

42. Að fella niður með reglugerð aðflutningsgjöld af varningi, allt að ákveðnu hámarki hverju sinni, sem farmenn og ferðamenn hafa meðferðis frá útlöndum, umfram þá muni, sem greinir í 4. og 5. tölulið 2. gr., enda sé ekki um verzlunarvöru eða annan innflutning í atvinnuskyni að ræða. Undanþágu samkvæmt næstu málsgrein hér á undan má binda skilyrðum varðandi tollmeðferð varningsins, enn fremur um, að hún nái ekki til ákveðinna vöru-flokka eða sé takmörkuð við sérstakt hámark vissra vörutegunda. Að öðru leyti gilda ekki innflutningshömlur um slíkan varning aðrar en þær, sem settar eru vegna sóttvarna eða annarra öryggisráðstafana.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 22. desember 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

Nr. 103.

29. október 1965.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, kom í nótt úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Í forsætisráðuneytinu, 29. október 1965.

Jóhann Hafstein.

Birgir Thorlacius.